

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 173/2002

frá 6. desember 2002

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2002 frá 8. nóvember 2002 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB frá 15. maí 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir textílvörur og um breytingu á ákvörðun 1999/178/EB ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr

Eftirfarandi breytingar skulu gerðar á XX. viðauka við samninginn:

1. Liður 2en verði liður 2ena.

2. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 2ena (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 1999/178/EB):

„- **32002 D 0371**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB frá 15. maí 2002 (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 29).“

3. Eftirfarandi liður komi aftan við lið 2em (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 98/634/EB):

„2en. **32002 D 0371**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2002/371/EB frá 15. maí 2002 um vistfræðilegar viðmiðanir er veita á umhverfismerki bandalagsins fyrir

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 19, 23.1.2003, bls. 21 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 4, 23.1.2003, bls. 14.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 29.

textílvörur og um breytingu á ákvörðun 1999/178/EB (Stjtið. EB L 133, 18.5.2002, bls. 29).“

4. Liður 2ena falli brott með gildistöku frá 31. maí 2003.

2. gr.

Texti ákvörðunar 2002/371/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 7. desember 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*.

Gjört í Brussel 6. desember 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

Kjartan Jóhannsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

P.K. Mannes M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.